



## 377. Stjórnarfundur haldinn 8. sept. 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), og Bjarney S. Snævarsdóttir. (BS)

### 1. Fundagerðir tveggja síðustu funda.

Farið yfir og samþykktar.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá UMFÍ með plakat 1. Landsmóti UMFÍ 50 + á Hvammstanga auk Skinfxa. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ þar sem óskað er eftir mótshaldara á 2. Landsmóti UMFÍ 50 +. **Móttekið.**

Bréf frá Íslandsbanka v/geymsluhólfs. **Ákveðið að hætta með geymsluhólfið. Framkvæmdastjóra falið að segja því upp.**

Bréf frá Kristjönu B. Svansdóttur v/3. fl.kv. knattsp. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/neyslu ungs fólks á munntóbaki. **Móttekið.**

Bréf frá ritara ÍRB v/ þings ÍRB (dagskrá,boðsbréf og kjörbréf á þingið). **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ þar sem boðað er til 47. sambandsþings ásamt þingfulltrúa aðildarfélaganna auk kjörbréfs Keflavíkur en Keflavík á átta þingfulltrúa. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ + plakat. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ dagur Íslenskrar náttúru. **Móttekið.**

Jón M. Ívarsson sendi okkur til fróðleiks gömul lög ungmennafélags Keflavíkur frá 24. janúar 1935. **Móttekið.**

Bréf frá Ólafíu Ólafsdóttur formanns mfl.kv. knattsp. v/fjárhagsaðstoðar. **Móttekið.**

### 3. Send bréf.

Bréf sent á Landsbanka Íslands bt. Alda A. Gyldfadóttir v/ heilmildar á yfirdrætti fimleikadeildar Keflavíkur.

### 4. Íþrótt- og leikjaskóli.

EH fór yfir hvernig til tókst og afkomu íþrótt- og leikjaskólans. Um fimmtíu börn voru í skólanum. Boðið var uppá eitt fjögurra vikna námskeið. Fjárhagslegur rekstur jákvæður. Stjórnarmenn ánægðir með hvernig til tókst.

### 5. Félagsheimilið okkar.

EH skýrði frá því að salur 1 hafi verið leigður til Fjölbrautarskóla Suðurnesja undir kennslustofu frá kl. 8:00 til 16:00 mánudaga til föstudaga báðir dagar meðtaldir. Gardínur væntanlega settar upp í næstu viku.

### 6. Hringbraut 108.

Guðbjörg Jónsdóttir leigutaki hefur sent inn í tölvupósti sem inniheldur uppsögn á leigusamningi Hringbrautar 108 og óskar eftir því að lostna 1. desember 2011. **Móttekið og framkvæmdastjóra falið málið.**





Frh.

## 7. 14. Ulm UMFÍ Egilsstöðum.

EH sagði frá því að félagið átti 27. keppendur á Ulm. Mótið gekk vel fyrir sig og okkar fólk ánægt með mótið. Keflavík stóð straum að greiða þátttökugjöld okkar fólks.

## 8. Þing ÍRB.

Þing ÍRB var haldið 5. sept. Keflavík átti 10 þingfulltrúa og var með fullskipað lið auk varamanna. Jóhann B. Magnússon var endurkjörinn formaður og KG var kosinn til tveggja ára. Formanna skipti urðu í sundráði ÍRB en Guðmundur lét af störfum og Freydis Kolbeinsdóttir tók við. Fimm aðildarfélög voru með þingfulltrúa af tíu aðildarfélögum.

## 9. 47. sambandsþing UMFÍ.

47. sambandsþing UMFÍ verður haldið í Menningarhúsinu Hofi Akureyri 15. – 16. október. Keflavík á 8 þingfulltrúa. EH, KG, BI og BSS hafa ákveðið að gefa kost á sér og SG og GA eru að kanna málið. Ákveðið að bjóða Sigurbirni Gunnarssyni og Ólafi Birgir Bjarnasyni að vera þingfulltrúi. Framkvæmdastjóra falið að kanna með fatnað og panta flug og gistingu.

## 10. Önnur mál.

EH undirritaði samstarfssamning við Hagkaup með sængurverasett en félagið fær 500 krónur af hverju seldu setti. *Stjórnarmenn lýsa ánægju sinni yfir samstarfinu.*

EH undirritaði samstarfssamning við Magma, en Magma styrkir Keflavík aðalstjórn til eflingar á barna- og unglíngastarfi, um kr. 1.600.000,- og verður upphæðin greidd í tvennu lagi, (kr. 700.000,- 2011 og kr. 900.000,- 2012) samningurinn er til 1. ágúst 2013. *Stjórnarmenn lýsa ánægju sinni yfir samstarfinu.*

EH kom með tillögu um að félagið setti sér siðareglur. *Stjórnarmenn ánægðir með framtakið og framkvæmdastjóra falið málið til áframhaldandi vinnslu.*

EH sagði frá því að það væri áhugi á því að fá að nota lénið @keflavik.is. en ekki hefur en komið formleg beiðni þar af lútandi. Umræður urðu um málið en engin ákvörðun tekin.

Fulltrúar knattspyrnu kvenna (mfl.kv.) komu inn á fund og fylgdu eftir erindi sem sent var til stjórnar og er undir liðnum innkomin bréf. EH bauð þær Hrafnhildi Ólafsdóttur og Margrét Sanders velkomnar. Margrét og Hrafnhildur fóru yfir fjárhagsstöðu mfl.kv.. Óskuð þær eftir aðstoð aðalstjórnar vegna fjárhagsvanda mfl.kv.. Umræður um málið. Aðilar sammála um að vinna sameiginlega að lausn og fá frekari upplýsingar um stöðu mála.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:55

Fundinn ritaði SG

